

117. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 20. janúar 2011 í Stykkishólmi

Mætt: Kolbrún Reynisdóttir formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Þórólfur Halldórsson, Ásgeir Gunnar Jónsson, Eiríkur Snæbjörnsson, Sigurður Þórólfsson og Magnús A. Sigurðsson. Þorleifur Eiríksson forfallaðist.

Fundarritari: Pálmi Freyr Sigurgeirsson

Formaður setti fund kl. 10:30.

Fundargerð 116. fundar

Afgreiðsla: Fundargerðin var uppliesin og samþykkt.

Fjármál Breiðafjarðarnefndar 2011

Gerð voru drög að fjárhagsáætlun 2011.

Samantekt starfshóps um úttekt á lögum nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar

Umhverfisráðuneytið óskar eftir athugasemdum Breiðafjarðarnefndar um samantekt starfshóps um vernd Breiðafjarðar.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd telur að sá frestur sem veittur er til umsagnar sé allt of skammur. Nefndin telur að til þess að sveitarstjórnir geti fjallað um samantektina með málefnanlegum hætti, verði að gefa þeim það svigrúm til umsagnar sem stjórnsýsla sveitarfélaganna krefst. Þá vilja fulltrúar sveitarfélaga í nefndinni fá tækifæri til að ræða við sveitastjórnirnar áður en nefndin skilar sínu áli.

Verndaráætlun

Nefndin ætlaði að halda áfram við vinnu á verndaráætlun Breiðafjarðar á árinu 2011.

Þann 11. febrúar munu formaður, varaformaður ásamt Þórólfri Halldórssyni, Magnúsi A. Sigurðssyni og Trausta Baldurssyni hittast hjá Náttúrufræðistofnun á vinnufundi.

Önnur mál

Afmælisrit Jónínu Hafsteinsdóttur

Jónína Hafsteinsdóttir, starfsmaður á nafnfræðisviði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og áður á Örnefnastofnun Íslands, verður sjötug 29. mars næstkomandi. Í tilefni þess ætlað Árnastofnun að gefa út afmælisrit henni til heiðurs.

Breiðafjarðarnefnd mun heiðra Jónínu með því að gerast áskrifandi að ritinu.

Fundi var slitið kl. 14:10.

Næsti fundur verður haldinn þann 24. febrúar 2011 í Stykkishólmi.